

Minnisblað um breytingar á vefsíðu Garðabæjar

Upplýsingar um þjónustu við fatlað fólk

Efni: Breytingar sem gera þarf á vef Garðabæjar varðandi upplýsingar um þjónustu við fatlað fólk skv. frumkvæðisathugun GEV, maí 2024.

Niðurstöður frumkvæðisathugunar GEV á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðu Garðabæjar leiða af sér að gera þarf breytingar á ýmsum atriðum á vefnum okkar. Á einhverjum stöðum skortir upplýsingar um hvaða reglur grundvalla tiltekna þjónustu eða upplýsingar um umsóknarferlið og þess háttar. Annars staðar þarf að uppfæra reglur í samræmi við núgildandi lög. Þá er einnig gagnrýnt að einungis fáar umsóknir um þjónustu við fatlað fólk séu til í bæði rafrænu og prentvænu formi. Efni þessara minnisblaðs snýr fyrst og fremst að breytingum sem snerta fyrstnefnda atriðið, þ.e. að bæta við þörfum upplýsingum og tilvísunum í viðeigandi reglur.

Hverjir eiga rétt á þjónustu?

Undir „Hverjir eiga rétt á þjónustu?“

Í stað gamla textans kemur nýr texti svohljóðandi:

„Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi segir: Fatlaður einstaklingur á rétt á þjónustu þar sem hann kys að búa og á lögheimili. Einstaklingur sem nýtur þjónustu samkvæmt lögum þessum og hyggst flytja milli sveitarfélaga getur sótt um þjónustu í því sveitarfélagi sem hann ætlar að flytja til þó að hann hafi eigi skráð þar lögheimili sitt. Skal sveitarfélag þá taka umsókn til meðferðar og tryggja, í samvinnu við umsækjanda og eftir atvikum sveitarfélag sem flutt er frá, samfelli í þjónustunni við flutningana.“

Stoðþjónusta

<https://www.gardabaer.is/ibuar/velferd/fatlad-folk/>

Undir „Ferðapjónusta fatlaðra“

Nýtt heiti stiku skal vera „Akstursþjónusta fatlaðra“

Í 1. mgr. stendur „Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að...“ nýr texti skal vera „Markmið akstursþjónustu fatlaðra er að...“

Í 3. mgr. stendur „Hér á vefnum er hægt að nálgast umsókn til útprintunar (undir þjónusta Garðabæjar).“

- Þetta er úrelt og má taka út. Öll 3. mgr. á að vera svohljóðandi: „Hægt er að senda inn rafræna umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.“
- Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur á rafrænu umsóknina um ferðapjónustu fatlaðra.

Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 4. mgr. og skal vera svohljóðandi:

„Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Garðabæjar sem uppfylla það skilyrði að fötlun þeirra falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og að þeir eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.“

Undir fyrirsögninni „**Reglur ferðapjónustu fatlaðra**“

Ný fyrirsögn skal vera „**Reglur akstursþjónustu fatlaðra**“

Þar stendur „einnig er hægt að senda pöntun á pant@pant.is“ en undir „p“ í „pant“ á undan @ er [mailto](mailto:pontun@straeto.is) hlekkur sem vísar til „pontun@straeto.is“. Einnig segir „fylla út umsókn á vefnum, www.pant.is“ þar sem á bak við fyrsta „w“ í „www“ er hlekkur á „www.aksutrsthjonusta.is“ sem er óvirkur.

- Laga þarf hlekkinn á bak við „pant@pant.is“ þannig að það sé [mailto](mailto:pant@pant.is) hlekkur á bak við allan textann sem vísar til pant@pant.is en ekki pontun@straeto.is
- Laga þarf hlekkinn á bakvið „www.pant.is“ þannig að það sé hlekkur á bak við allan textann sem vísar til www.pant.is en ekki www.aksutrsthjonusta.is

Undir „**Félagsleg liðveisla**“

Nýtt heiti liðs skal vera „**Einstaklingsstuðningur**“

Fyrir neðan 1. mgr. komi nýjar málsgreinar:

„Um einstaklingsstuðning gilda reglur Garðabæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 16. nóvember 2023.“

„Hægt er að senda inn rafræna umsókn um einstaklingsstuðning í gegnum þjónustugátt Garðabæjar. Einnig er hægt að sækja prentvæna útgáfu af umsókninni hér.“

- Í 2. mgr. skal vera hlekkur beint á viðeigandi reglur á bak við textann „reglur Garðabæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 16. nóvember 2023.“
- Í 3. mgr. skal vera hlekkur á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ sem vísar til rafrænnar umsóknar um liðveislu.
- Í 3. mgr. skal vera hlekkur á bak við textann „umsókninni hér“ sem vísar til PDF útgáfu af umsókn um liðveislu.

Búseta

Liðurinn „**Heimili og heimilishald**“ skal tekinn út. Nýr liður kemur í staðinn og skal heita „**Búseta**“.

Efni liðsins „**Heimili Fatlaðra**“ skal bætt undir nýja liðinn „**Búseta**“.

Fyrir framan „Garðabær rekur eftirtalin heimili:“ kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi:

„Fatlað fólk sem þarfnast sérstaks húsnæðis og mikils stuðnings getur fengið húsnæði í íbúðakjörnum. Þar fær fólk þjónustu eftir sínum þörfum allan sólarhringinn eða hluta úr degi.“

Réttur forstöðumaður Móaflatar 24 er Nína Björk Gísladóttir.

Fyrir neðan upptalninguna á heimilum sem Garðabær rekur kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um búsetu í íbúðakjarna með því að senda inn umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar. Um sértæk húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk gilda reglur III. kafla reglna Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnæði frá 3. september 2020.“

- Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur sem vísar til umsóknar um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.
- Á bak við textann „reglna Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnæði frá 3. september 2020“ skal vera hlekkur sem vísar beint til viðeigandi reglna á PDF formi.

Hæfing, starfsþjálfun og vernduð vinna

Undir „Hæfing, starfsþjálfun og vernduð vinna“

Nýtt heiti liðs skal vera „Hæfing, vernduð vinna og dagþjónusta“

Fyrirsögnin „Frístundarúrræði fyrir fötluð Ungmennni í Garðabæ“ og efni þar undir skal tekið út og fært undir nýjan lið sem nánar er fjallað um síðar.

Undir fyrirsögninni „Hæfing“

Í lok 1. mgr. kemur ný setning sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um hér.“

- Á bak við textann „hér.“ skal vera hlekkur sem vísar til <https://vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/radgjof-vegna-skertrar-starfsgetu/verndud-vinna-haefing-og-dagthjonusta>

Undir fyrirsögninni „Starfsþjálfun“

Í lok 1. mgr. kemur ný setning sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um hér.“

- Á bak við textann „hér.“ skal vera hlekkur sem vísar til <https://vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/radgjof-vegna-skertrar-starfsgetu/verndud-vinna-haefing-og-dagthjonusta>

Undir fyrirsögninni „Vernduð vinna“

Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um verndaða vinnu á vef Vinnumálastofnunar.“

- Á bak við textann „vef Vinnumálastofnunar“ skal vera hlekkur sem vísar til „<https://vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/radgjof-vegna-skertrar-starfsgetu/verndud-vinna-haefing-og-dagthjonusta>“.

Undir fyrirsögninni „Atvinna með stuðningi“

Hlekkurinn á bak við „Nánari upplýsingar má nálgast hér.“ er óvirkur, honum skal skipt út fyrir réttan hlekk <https://www.vinnumalastofnun.is/radgjof-og-thjonusta/radgjof-vegna-skertrar-starfsgetu/atvinna-med-studningi>

Skammtímadvöl

Undir „Skammtímavistun“

Undir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem skal vera 3. mgr. og vera svohljóðandi: „Fyrir einstaklinga eldri en 18 ára byggir þjónustan á reglum Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 18. febrúar 2021. Hægt er að sækja um með því að senda inn umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.“

- Á bak við textann „reglum Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 18. febrúar 2021“ skal vera hlekkur sem vísar til viðeigandi reglna á PDF formi.
- Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur sem vísar til umsóknarinnar „Skammtímadvöl fyrir fatlað fólk“ á þjónustugátt Garðabæjar.

Undir hinni nýju 3. mgr. kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi: „Fyrir börn og ungmenni undir 18 ára byggir þjónustan á reglum Garðabæjar um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra frá 1. mars. 2012. Hægt er að sækja um með því að senda inn umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.“

- Á bak við textann „reglum Garðabæjar um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra frá 1. mars. 2012.“ skal vera hlekkur sem vísar til viðeigandi reglna á PDF formi.
- Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur sem vísar til umsóknarinnar „Skammtímadvöl fyrir fatlað barn“ á þjónustugátt Garðabæjar.

Stuðningsfjölskyldur

Undir „Stuðningsfjölskyldur“

Undir 1. mgr. kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um með því að senda inn umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.“

- Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur sem vísar til umsóknarinnar „Stuðningsfjölskylda fyrir fatlað barn“ á þjónustugátt Garðabæjar.

Styrkir fyrir fatlað fólk

Undir „Styrkir fyrir fatlað fólk“

Textanum „Opið er fyrir umsóknir frá 15. september til og með 15. október 2022.“ skal vera breytt til að vera svohljóðandi: „Opið er fyrir umsóknir frá 15. september til og með 15. október 2024.“

Styrkir, Samráðshópur og Réttindagæsla

Liðirnir „Styrkir fyrir fatlað fólk“, „Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks“ og „Réttindagæsla fatlaðs fólks“ skulu færðar neðst í listann.

NPA

Nýr liður sem heitir „NPA“

Ný fyrirsögn „Hvað er NPA?“

1. mgr. skal vera svohljóðandi: „Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þjónusta fyrir fatlað fólk með fötlun til þess að það geti lifað lífinu sínu og haft sömu möguleika og ófatlað fólk.“
2. mgr. skal vera svohljóðandi: „NPA byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf. Fólk stýrir því sjálft hvernig aðstoðin er skipulögð, hvaða aðstoð er veitt, hvenær og hvar hún fer fram og hver veitir hana.“

Ný fyrirsögn „Hvernig virkar NPA?“

1. mgr. skal vera svohljóðandi: „Umsækjandi og bærinn gera samning sín á milli eftir þörfum umsækjanda. Síðan eru áætlaðar mánaðarlegar greiðslur svo að einstaklingurinn geti séð um og skipulagt þjónustuna sjálfur eftir sínum þörfum og hentisemi.“
2. mgr. skal vera svohljóðandi: „Nánari upplýsingar veitir Pála Marie Einarsdóttir umsýsnarþroskaþjálfari, netfang: palaei@gardabaer.is“

- Á bak við textann „palaei@gardabaer.is“ skal vera mailto hlekkur á netfangið palaei@gardabaer.is

Ný fyrirsögn „Hvernig sækir ég um NPA?“

1. mgr. skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) með því að senda inn umsókn í gegnum þjónustugátt Garðabæjar.“
 - Á bak við textann „þjónustugátt Garðabæjar“ skal vera hlekkur á umsóknina „Notendastýrð persónuleg aðstoð, NPA“ á þjónustugátt Garðabæjar.
2. mgr. skal vera svohljóðandi: „Þjónustan byggir á reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ frá 29. júní 2021.“
 - Á bak við textann „reglum um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ frá 29. júní 2021.“ skal vera hlekkur sem vísar til viðeigandi reglna á PDF formi.

Frístundir barna og ungmenna með fötlun

Ný fyrirsögn „Frístundarúrræði fyrir fötluð ungmenni í Garðabæ“

Fyrir neðan „Almennt er gert ráð fyrir 4 stundum á dag í vinnu og að síðan taki við frístundastarf.“ kemur ný málsgrein sem skal vera svohljóðandi: „Hægt er að sækja um í gegnum ráðningarvef Garðabæjar.“

- Á bak við textann „ráðningarvef Garðabæjar“ skal vera hlekkur sem vísar til <https://starf.gardabaer.is/rcf3/Default.aspx>